


# Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

## Kennsluáætlun



**Námsgrein: Stærðfræði**

**Bekkur/hópur: 6. bekkur**

**Kennari: Rakel Runólfsdóttir**

**Tímabil: Skólaárið 2024-2025**

### Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Geti valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Taki þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum. Geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- Geti lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir. Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.
- Geti rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar.
- Geti rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.

### Helstu námsbækur og gögn:

- Stika 2A
- Stika 2B
- Verkefnablöð frá kennara

### Leiðsagnarmat:

- Könnun í lok hverrar lotu. Kennari gefur einkunn og skilar til nemenda og foreldra.
- Hópverkefni sem nemendur skila til kennara.

## Viðfangsefni.

### Lota 1. (September og október).

#### Heilar tölur

tugakerfið  
námundun og slumpreikning  
samlagningu og frádrátt, margföldun og deilingu  
negatífar tölur  
talnarunur

### Lota 2. (nóvember).

#### Tugabrot

tíundu hluta, hundraðshluta og þúsundustu hluta  
talnamynstur með tugabrotum  
samlagning, frádráttur og margföldun með tugabrotum  
giska á svör, reikna með slumpureikningi og námunda tölur

### Lota 3. (desember og janúar).

#### Rúmfræði

búa til þrívíða hluti  
teikna form og aðrar myndir í þrívídd  
eiginleika og einkenni tvívíðra og þrívíðra forma

### Lota 4. (janúar og febrúar).

#### Mælingar

þyngd og að nota mælieiningar eins og g, hg, kg og tonn  
rúmmál og að nota mælieiningar eins og ml, cl, dl og l  
reikna rúmmál ferstrendinga  
reikna tíma

### Lota 5. (Febrúar og mars).

#### Almenn brot

almenn brot sem hluti af heild og sem hluti af safni  
almenn brot sem eru jafn gild og sem eru jafn stór  
stytting og lenging almennra brota  
samlagning, frádráttur og margföldun almennra brota

## **Lota 6. (Apríl ).**

### **Margföldun og deiling**

Skriflegar reikniaðgerðir í margföldun og deilingu  
reikna dæmi úr daglegu lífi  
margfalda tugabrot  
nota vasareikni  
margföldunartöflurnar

## **Lota 7. (Maí ).**

### **Hnitakerfi og hlutföll**

Staðsetning, speglun og hreyfing í hnitakerfi  
hlutfallareikning